

78
15. júní

Samþykkt

um þyngd bakarabrauða í Reykjavík.

1. gr.

Samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Reykjavík ákveðið, að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skuli vera sem hér segir:

1. Rúgbrauð, heil	3000 grömm
2. ———, hálf	1500 —
3. Franskbrauð, heil	500 —
4. ———, hálf	250 —
5. Sigtibrauð, heil	500 —
6. ———, hálf	250 —
7. Súrbrauð, heil	500 —
8. ———, hálf	250 —
9. Landbrauð, heil	500 —
10. ———, hálf	250 —
11. Normalbrauð og hálfsgítirúgbrauð, heil	2500 —
12. ———, hálf	1250 —
13. Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa aðra þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. Meða brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38%.

Þó skal það eigi teljast brot, þótt einstök brauð sjeu 4% ljettari, en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn að eins vera 1%.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 25—500 króna, er renni í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Með mál útaf brotum gegn samþykkt þessari, skal farið sem með opinber lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

78

15. júní

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum 16. mars 1917 um þyngd bakarabrauða, er hjermeð staðfest.

Í stjórnarráði Íslands, 15. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson,
aðstm.

Reglugjörð

79

23. júní

um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917, um notkun mjölvöru

og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, er hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

2. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Hveiti mega bakarar að eins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð, vanalegar tvíbökur, hart brauð (kringlur og skonrok) og svokallaða snúða. Ekki